

Alþingi
Erindi nr. þ 139/1126
komudagur 12.1.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skeldýrarækt, 201. mál

Samtök atvinnulífsins fengu frumvarpið ekki sent til umsagnar en vilja freista þess að koma á framfæri nokkrum athugasemdum við það. Beðist er velvirðingar á því hve seint umsögnin er fram komin.


Mikilvægt er að frumvarp um skeldýrarækt verði að lögum. Skeldýrarækt er verulega frábrugðin venjulegu fiskeldi þar sem ekki er um að ræða búr og engin fóðrun á sér stað heldur eru nýttar náttúrulegar aðstæður á hverjum stað eða svæði. Atvinnugreinin er ung en getur átt sér vaxtarforsendur ef rétt er að málum staðið. Mikilvægt er að hafa í huga að öll uppbygging tekur langan tíma og á það bæði við um ræktunina sjálfa og ekki síður markaðsstarf sem nauðsynlegt er til að byggja upp samband við kaupendur og tryggja að sem hæst verð fáiast fyrir vöruna.

Til þess að þetta geti gengið eftir er mikilvægt að öll leyfi séu veitt til langs tíma, að skilyrði hins opinbera séu vel þekkt og að eftirlit og kröfur til þessa rekstrar séu í samræmi við þá áhættu sem til staðar er. Það er þess vegna óviðunandi að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tilraunaleyfi séu veitt til hámarks tveggja ára með möguleika á framlengingu í önnur þrjú ár. Eins er sjö ára gildistími ræktunarleyfis allt of skammur. Engin sérstök rök koma fram um hvers vegna lagt er til að gildistími leyfa verði svo skammur.

Bent er á að samkvæmt frumvarpinu er heimilt að afturkalla leyfi ef tiltekin skilyrði eru ekki uppfyllt. Það er ótvíræð reynsla að almennt tekur langan tíma að fá endurnýjuð starfsleyfi hjá stofnunum hins opinbera og má í því sambandi benda á að maí 2009 er sótt um breytingu á starfsleyfi fyrir sjókvíaldri í Berufirði en að tillaga Umhverfisstofnunar að nýju starfsleyfi er ekki auglýst fyrr en í janúar 2011 þ.e. um 20 mánuðum frá því umsókn er skilað. Einnig hefur reynst mjög þungt fyrir fæti að fá endurnýjuð starfsleyfi hjá þeirri stofnun og hefur fyrirtækjum verið bent á að sækja um undanþágu ráðherra til að starfa án starfsleyfis þrátt fyrir að umsókn um endurnýjað leyfi hafi verið skilað með góðum fyrirvara áður en hið eldra leyfi féll úr gildi. Þetta hefur valdið fyrirtækjum erfiðleikum í markaðsstarfi sínu og ekki auðvelt að skýra út hvers vegna þau starfi ekki samkvæmt leyfi heldur sérstakri undanþágu.

Því er eindregið lagt til að gildistími tilraunaleyfis verði 5 ár og að starfsleyfi verði ótímabundin enda uppfylli fyrirtækin lög og reglur á hverjum tíma.

Virðingarfyllt,


Pétur Reimarsson